

# HS Veitur hf - Ársreikningur 31. desember 2018



Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2018 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 25. febrúar 2019.

## Helstu atriði

Hagnaður ársins 2018 var 682 m.kr. á móti hagnaði árið 2017 upp á 848 m.kr. Vegna endurmats sem framkvæmt var í árslok 2017 voru afskriftir 162 m.kr. hærrí en þær hefðu annars verið og breytt meðhöndlun tengigjalda leiddi til 88 m.kr. lækkunar tekna.

EBITDA var 2.456 m.kr. (35,5%) árið 2018 á móti 2.160 m.kr. (34,6%) árið 2017.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 31. desember 2018 er 43,5% en var 50,4% í ársbyrjun.

Veltufjárlutfall var 3,14 þann 31. desember 2018 samanborið við 0,68 í árslok 2017.

Hluthafar félagsins eru fjórir, í lok árs áttu þrjú hluthafa yfir 10% hlut í félaginu:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	34,38%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

## Almenn umfjöllun

Hagnaður ársins 2018 var 682 m.kr. á móti hagnaði árið 2017 upp á 848 m.kr. Vegna endurmats sem framkvæmt var í árslok 2017 voru afskriftir 162 m.kr. hærrí en þær hefðu annars verið og breytt meðhöndlun tengigjalda leiddi til 88 m.kr. lækkunar tekna. Hagnaður fyrir fjármagnsliði jókst um 97 m.kr. en fjármagnsliðir hækkuðu um 267 m.kr. vegna meiri verðbólgu og aukinnar skuldsetningar. Tekjur hækkuðu um 682 m.kr. m.a. þar af 659 m.kr. vegna tekna af orkusölu en aðrar tekjur stóðu nokkurn vegin í stað m.a. vegna breyttrar aðferðar við tekjufærslu tengigjalda sem áður var nefnt.

Tekjur hækkuðu um 10,9% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á árinu 2018 alls 6.925 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 3.726 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 2.131 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 618 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 451 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 2017 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 6.244 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 3.208 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.975 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 632 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 429 m.kr.

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 476 m.kr. eða 11,6% á milli ára. Kostnaðarverð sölu nam 4.581 m.kr. árið 2018 (66,1% m.v. tekjur) á móti 4.105 m.kr. árið 2017 (65,7% m.v. tekjur). Meðal helstu rekstrarliða eru raforkuflutningur 1.115 m.kr. (16,1%), kaup á heitu vatni 778 m.kr. (11,2%), raforka vegna tapa í dreifikerfum 223 m.kr. (3,2%) og kaup á ferskvatni 64 m.kr. (0,9%). Alls nema þessir liðir þá 2.181 m.kr. eða 31,5% af tekjum.

Annar rekstrarkostnaður hækkar milli ára um 108 m.kr. (816 m.kr. 2018 en 708 m.kr. árið 2017). Þessi breyting skýrist með hækkun sameiginlegs kostnaðar (55 m.kr.) m.a. vegna þess að vinnu við ný upplýsingakerfi lauk (fjárfesting) og við tók rekstur þeirra. Þá hækkuðu afskriftir sameiginlegra rekstrarfjármuna um 45 m.kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 714 m.kr. á árinu 2018 en voru neikvæð upp á 447 m.kr. á árinu 2017 eða alls hækkun á milli ára um 267 m.kr. Verðbætur langtímalána hækka um 288 m.kr., voru 441 m.kr. 2018 m.kr. á móti 153 m.kr. árið 2017. Vaxtagjöld hækkuðu um 158 m.kr., voru 542 m.kr. 2018 en 384 m.kr. 2017. Á móti kemur hækkun vaxtatekna um 183 m.kr., voru 91 m.kr. 2017 en 274 m.kr. 2018.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 133 m.kr. árið 2018 á móti 136 m.kr. árið 2017. Tekið er fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti og var virk skattprósenta því 16,3% árið 2018 en var 13,9% 2017.

EBITDA ársins 2018 er 2.456 m.kr. (35,5%) á móti EBITDA 2.160 m.kr. (34,6%) fyrir árið 2017.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru fastafjármunir HS Veitna hf þann 31. desember 2018 bókfærðar á 25.679 m.kr. og hækkuðu um 2.275 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í veitukerfum 2018 námu alls um 3.037 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 2.037 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 887 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 112 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 2.008 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.145 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 775 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 88 m.kr. Aðrar fjárfestingar svo sem fasteignir, upplýsingakerfi og bifreiðar voru samtals 169 m.kr. á árinu 2018 en 253 m.kr. árið áður.

Eigið fé HS Veitna hf nam 13.310 m.kr. þann 31. desember 2018 (eiginfjárlutfall 43,5%) en eigið fé í ársbyrjun var 12.638 m.kr. (eiginfjárlutfall 50,4%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 31. desember 2018 er sterk og horfur um rekstur þess góður. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og til að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Í áætlunum fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að fjárfestingar HS Veitna hf verði um 3.418 m.kr. en á móti verði seldar fasteignir fyrir 360 m.kr. Af fjárfestingunum eru 2.251 m.kr. í raforkukerfunum, 312 m.kr. í hitaveitukerfunum, 362 m.kr. í ferskvatnskerfunum og 493 m.kr. í öðrum fjárfestingum. Áætlað er að kaupa eigin hlutabréf fyrir 500 m.kr., afskriftir eru áætlaðar um 980 m.kr. og afborganir langtímaskulda 640 m.kr. Heildartekjur eru áætlaðar verða 7.434 m.kr., hagnaður 886 m.kr. og EBITDA 2.898 m.kr.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	2018	%	2017	%	Breyting milli ára
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Rekstrartekjur	6.925.080	100,0%	6.243.560	90,2%	10,9%
Kostnaðarverð sölu	( 4.580.728 )	( 66,1% )	( 4.104.560 )	( 59,3% )	11,6%
<b>Vergur hagnaður</b>	<b>2.344.352</b>	<b>33,9%</b>	<b>2.139.000</b>	<b>30,9%</b>	<b>9,6%</b>
Annar rekstrarkostnaður	( 815.881 )	( 11,8% )	( 707.779 )	( 10,2% )	15,3%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	1.528.471	22,1%	1.431.221	20,7%	6,8%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	( 713.780 )	( 10,3% )	( 447.104 )	( 6,5% )	59,6%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	814.691	11,8%	984.117	14,2%	( 17,2% )
Tekjuskattur	( 132.761 )	( 1,9% )	( 136.408 )	( 2,0% )	( 2,7% )
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>681.930</b>	<b>9,8%</b>	<b>847.709</b>	<b>12,2%</b>	<b>( 19,6% )</b>
<b>Önnur heildarafkoma</b>					
<b>Liðir sem ekki verða endurflokkaðir í rekstrarreikning:</b>					
Endurmat rekstrarfjármuna	0		4.100.000		
Tekjuskattur af endurmati rekstrarfjármuna	0		( 570.000 )		
<b>Önnur heildarafkoma ársins</b>	<b>0</b>		<b>3.530.000</b>		
<b>Heildarhagnaður ársins</b>	<b>681.930</b>		<b>4.377.709</b>		
	<b>31.12.2017</b>		<b>31.12.2017</b>		
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Fastafjármunir	25.678.606	84,0%	23.403.891	93,3%	9,7%
Veltufjármunir	4.903.592	16,0%	1.668.897	6,7%	193,8%
<b>Eignir samtals</b>	<b>30.582.198</b>	<b>100,0%</b>	<b>25.072.788</b>	<b>100,0%</b>	<b>22,0%</b>
Eigið fé	13.310.295	43,5%	12.638.206	50,4%	5,3%
Langtímaskuldir	15.710.611	51,4%	9.981.416	39,8%	57,4%
Skammttímaskuldir	1.561.292	5,1%	2.453.166	9,8%	( 36,4% )
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>30.582.198</b>	<b>100,0%</b>	<b>25.072.788</b>	<b>100,0%</b>	<b>22,0%</b>
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA	2.456.249	35,5%	2.160.412	34,6%	13,7%
Veltufjárhlutfall	3,14		0,68		361,7%
Eiginfjárhlutfall	43,5%		50,4%		( 13,7% )

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.